



**Sjálfsmat
2017 - 2018**

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar



Ábyrgðaraðili:
Eygló Illugadóttir,
aðstoðarskólastjóri
2017-2018

Efnisyfirlit

Sjálfsmat veturinn 2017-2018	2
Mat á gæðagreiðni 7.1 Mönnun, ráðningar og stöðugleiki.....	3
Þróunaráætlun 7.1 Mönnun, ráðningar og stöðugleiki.....	4
Mat á gæðagreiðni 7.2 Nýting mannafla og teymisvinna.....	4
Þróunaráætlun 7.2 Nýting mannafla og teymisvinna	5
Mat á gæðagreiðni 7.3 Starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl.....	5
Þróunaráætlun 7.3 Starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl	6
Mat á gæðagreiðni 8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn	6
Mat á gæðagreiðni 8.2 Fjármálastjórn	6
Þróunaráætlun 8.2 Fjármálastjórn	7
Mat á gæðagreiðni 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis	7
Þróunaráætlun 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis	8
Mat á gæðagreiðni 8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga.....	8
Þróunaráætlun 8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga.....	9
Árlegar kannanir og Skólapúlsinn.....	10
Árleg foreldrakönnun	11
Niðurstaður úr foreldrakönnun.....	11
Umbótaáætlun	16
Árleg nemendakönnun.....	16
Niðurstöður úr nemendakönnun í 1.-5. bekk.....	16
Niðurstöður úr nemendakönnun í 6.-10. bekk.....	17
Umbótaáætlun	18
Ungt fólk 2018	18
Árleg starfsmannakönnun	22
Niðurstöður starfsmannakönnunar.....	23
Lesferill – lesfímipróf	26

Sjálfsmat veturinn 2017-2018

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur með sjálfsmatinu er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Í þessari skýrslu eru birtar tölfræðilegar og myndrænar niðurstöður kannananna skólaársins 2017-2018. Næsta skólaár 2018-2019 mun sjálfsmatsteymið hefja vinnu á umbótaráætlun upp úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir í ár auk þess sem nýjar kannanir verða lagðar fyrir.

Nýtt sjálfsmatsteymi tók til starfa í september 2017. Í því áttu sæti tveir fulltrúar starfsmanna og einn fulltrúi stjórnenda. Hlutverk teymisins var að halda utan um og skipuleggja innra mat skólans.

Í sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar 2017-2020 á heimasíðu skólans

http://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/verkaaetlun_gh_2017_2020-6.-jun-2018.pdf

er hægt að sjá áætlun um framkvæmd mats Grunnskóla Hornafjarðar.

Í þessari skýrslu er nánari útfærsla á niðurstöðum matsins sem byggt er á sjálfsmatsaðferðum *Gæðagreina 2* og nemenda-, foreldra- og starfsmannakannana Skólapúlsins sem lagðar voru fyrir veturinn 2017 – 2018. Á vetrarönn var haldinn vinnufundur þar sem gæðagreinar voru lagðir fram og unnu starfsmenn skólans að matinu í matshópum og fór skiptingin í hópana eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Á skólaárinu voru einnig haldnir fundir þar sem sjálfsmatsteymið kynnti niðurstöður Skólapúls kannananna fyrir starfsfólki skólans auk þess sem teymið hittist reglulega til að rýna í niðurstöður kannananna.

Allir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar komu að sjálfsmati vetrarins. Nemendur í 1.-5. bekk svöruðu könnun um ánægju af lestri en nemendur í 6.-10. bekk svöruðu árlegri nemendakönnun.

Hluti foreldra kom að mati á skólastarfinu með þátttöku í árlegri foreldrakönnun Skólapúlsins.

Starfsmenn mátu skólastarfið með þátttöku í vinnufundi þar sem unnið var með gæðagreina 7 og 8. Einnig tóku starfsmenn starfsmannakönnun Skólapúlsins.

Niðurstöðurnar úr könnunum hvers flokks eru kynntar í sjálfsmatsskýrslu í sér kafla.

Matsþættir skólaársins 2017-2018 voru eftirfarandi:

- **Lykilþáttur 7 Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk**
 - gg. 7.1 Mönnun, ráðningar og stöðugleiki
 - gg. 7.2 Nýting mannafla og teymisvinna
 - gg. 7.3 Starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl
- **Lykilþáttur 8 Samvinna og búnaður**
 - gg. 8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitastjórn
 - gg. 8.2 Fjármálastjórn
 - gg. 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis
 - gg. 8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga

Niðurstöður matshópa voru eftirfarandi:

gg. 7.1 Mönnun, ráðningar og stöðugleiki Matseinkunn: 4,4,5	gg. 7.2 Nýting mannafla og teymisvinna Matseinkunn: 5,_
gg 7.3 Starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl Matseinkunn: 5,4	gg 8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitastjórn Ekki unninn í vetur
gg 8.2 Fjármálastjórn Matseinkunn: 4,5	gg 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis Matseinkunn: 5,_
gg 8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga Matseinkunn: 5,5,	

Mat á gæðagreiðni 7.1 Mönnun, ráðningar og stöðugleiki

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveim matshópum, með 9 starfsmönnum á vinnufundi 10. janúar 2018

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt: 4,4,5

Sterku hliðarnar okkar:

- Tryggur og stöðugur vinnustaður. Við fáum alltaf útborgað.
- Ágætur andi í starfsmannahópnum og okkur líður vel í skólanum.
- Við höfum faglært og hæft starfsfólk á flestum ef ekki öllum sviðum.
- Við styðjum starfsmenn og hvetjum og við veitum árangri athygli. Metum að verðleikum.

- Starfsmannavelta er ekki ör, það er að segja að fólki líður vel hér og ef það fer á annan vettvang er það ekki vegna óánægju.
- Mjög góð samskipti og stuðningur milli starfsfólks. Við erum dugleg að hrósa hvert öðru og sýnum metnað í starfi.

Veiku hliðarnar:

- Frekar örar breytingar í starfsmannamálum, sérstaklega s.l. 2 ár. Það hefur áhrif á stöðugleika skólastarfs.
- Meta betur þann mannauð sem höfum innanhúss og meta menntun eða starfsreynslu þeirra að verðleikum. Þurfum að hlúa betur að nýju starfsfólki og veita þeim meiri stuðning fyrsta árið.
- Móttökuáætlunin okkar er ekki nógu virk. Kynningar á UTÁ og LTÁ og öllu þessum teyimum er ábótavant.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Óskastaðan væri að við ynnum í skóla þar sem ekki væru miklar mannabreytingar milli ára.
- Að öllum líði vel í vinnunni og að allir viti til hvers er ætlast af þeim.

Þróunaráætlun 7.1 Mönnun, ráðningar og stöðugleiki

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Að virkja móttökuáætlunina og hjálpa fólki að vita til hvers er ætlast af þeim.	Yfirmenn	Aldrei	Skipulag	Spyrja nýtt starfsfólk hvernig þeim líki móttökuáætlunin.

Mat á gæðagreiðni 7.2 Nýting mannafla og teymisvinna

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveim matshópum, með 11 starfsmönnum á vinnufundi 10. janúar 2018

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt: 5, _

Sterku hliðarnar okkar:

- Samvinna, sjálfstæð vinnubrögð.
- Hópurinn er sammála um að samvinna, ábyrgð, samskipti og vinnubrögð starfsfólks snúist um hag nemenda.

Veiku hliðarnar:

- Vinnubrögð okkar einkennast af samvinnu og sameiginlegum ákvörðunum. Hópnum finnst sameiginlegar ákvarðanir ekki alltaf vera sameiginlegar. Það má taka tillit til athugasemda frá starfsfólki.
- Það þarf meiri tíma til að ná saman sem starfsmenn, ekki alltaf fundað á hlaupum.
- Það þarf að skipuleggja betur vinnu hver sér um hvaða starf og skipulag.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Sameiginleg ábyrgð starfsfólks gagnvart nemendum og skólastarfi.
- Sérkennarinn sér um einstaklingsnámskrá og á að segja stuðningsfulltrúanum hver verkefni hans eru.

Þróunaráætlun 7.2 Nýting mannafla og teymisvinna

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Tími fyrir samstarf/skipulag	Stjórnendur	Í gær	Gott skipulag	Góðu samstarfi
Sameiginlegar ákvarðanir eru ekki alltaf sameiginlegar. Það má taka tillit til athugasemda frá starfsfólki.	Skólastjórnendur	Aldrei	Sameiginlegar ákvarðanir	Með gæðagreini

Mat á gæðagreini 7.3 Starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveim matshópum, með 9 starfsmönnum á vinnufundi 10. janúar 2018

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt: 5,4**Sterku hliðarnar okkar:**

- Við ætlumst til að KVAN eigi eftir að skila sterkri hlið, eftir að reynsla kemur á það.
- Við höfum tækifæri til að koma með hugmyndir að námskeiðum og starfsþróun á fundum og starfsmannasamtölum

- Starfsmannasamtöl í mörg ár.
- Miklir möguleikar á samstarfi á milli stofnanna í samfélaginu og þeir eru oft nýttir

Veiku hliðarnar:

- Vantar meiri sérhæfingu sniðna að sérþörfum hvers hóps.
- H) vinnum stundum svolítið ein, getum gert betur í jafningjastuðningi. Þegar fólk kemur nýtt inn fær það handleiðslu fyrsta árið, við getum gert betur þar og haft það yfir lengri tíma
- náum ekki að fylgja því eftir sem við höfum verið að læra. Vonum að námskeiðið hennar Vöndu Sigurgeirsdóttur verði til þess að ýta á okkur. Við höfum t.d. gleymt og höfum ekki látið lifa það sem við lærðum í Brighton = Learning power.
- 6 víddir ritunar
- K) höfum unnið sameiginlega að lærdómssamfélaginu og Reykjanesleiðinni.

Þróunaráætlun 7.3 Starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Eftirfylgni og meta það sem við lærðum á námskeiðum	allir	aldrei	Vilja	Eftirfylgni og meta það sem við lærðum á námskeiðum

Mat á gæðagreiðni 8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn

Ákveðið var að sleppa gæðagreiðni 8.1 þar sem starfsmenn töldu sig ekki hafa nægilega vitneskju um þessi mál.

Mat á gæðagreiðni 8.2 Fjármálastjórn

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveim matshópum, með 10 starfsmönnum á vinnufundi 10. janúar 2018

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt: 4,5

Sterku hliðarnar okkar:

- Verulegt tillit er tekið til óska innan úr skólanum.

Veiku hliðarnar:

- Það mætti horfa meira til framtíðar varðandi skólaumgjörðina og það væri gott að hafa langtímaplan varðandi húsnæði, viðhald og annað slíkt. Bekkir eru sífellt að stækka og eru að komast í erfiðar stærðir.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Horfa meira til framtíðar og setja langtímaplön.

Þróunaráætlun 8.2 Fjármálastjórn

Ekkert var sett fram í þróunaráætlun fyrir gæðagreini 8.2

Mat á gæðagreini 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveim matshópum, með 11 starfsmönnum á vinnufundi 10. janúar 2018

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt: _ , 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Við teljum okkur búa við góðan búnað sem hugsað er vel um.
- Námsumhverfi Heppuskóla er gott
- Námsshvetjandi í Hafnarskóla eru tölustafirnir og annað sem er á gólfum
- b) Þessi liður fær 5 fyrir Heppuskóla
- e) jafnvægi, lítið um auglýsingar
- k) Höfum kannað hjá nemendum hvernig þeim finnst upplýsingatæknin nýtast þeim og ípad væðingin. Höfum ekki þurft að stýra notkun eigum nokkuð góðan fjölda af ípöðum og tölvum.
- Hafnarskóli, nemendur okkar eru öryggir

Veiku hliðarnar:

- Útislæði mætti bæta: Fleiri rólur, meiri fjölbreytni, vannýtt svæði.
- Útislæði Hafnarskóla – vantar meira dót til að nýta í frímínútum.
- Útidótaskúr. Krakkarnir latir við að fara til Döddu að ná í dót.
- Vöruhúsið.
- Það þyrftu að vera til fleiri nemendatölvur – Chromebook og iPadar
- Hafnarskóli: Kennslustofur þyrftu að vera rýmri og gangarnir eru þröngir.

- Húsnæðið býður ekki upp á námshvetjandi umhverfi. En stofurnar og skólinn hér er þó mun betri en í Brighton.
- Vinna nemenda kemst of lítið upp á vegg þar sem það vantar vegg.
- Enginn samkomusalur er til staðar.
- Það má auka tengsl við nánasta umhverfi og samfélagið.
- Það vantar slöngu til að „smúla“ krakkana þegar þau koma inn skítug.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að laga útisvæðið
- Efla tengsl við samfélagið.
- Vöruhúsið, halda endurbótum áfram og ljúka sem fyrst.

Þróunaráætlun 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Laga skólalóð.	Skólastjórnendur	Alltaf í endurskoðun	Þrýsting frá skólasamfélaginu	Með gæðagreini
Auka tengsl við nánasta umhverfi og samfélag	Kennarar	Aldrei	Vilja og skipulag	Með gæðagreini

Mat á gæðagreini 8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveim matshópum, með 9 starfsmönnum á vinnufundi 10. janúar 2018

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Matssamantekt: 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Góð í gagnavörslu og nýtingu upplýsinga.
- Auðvelt að leita að upplýsingum í sambandi við nemendur og fá upplýsingar.
- Við gætum þess að foreldrar viti hvaða upplýsingar eru til um nemendur og biðjum um leyfi þegar það á við.
- Skólinn okkar reynir allt sitt besta til að fylgja þeim lögum og reglum sem eiga við um gagnavörslu og nýtingu upplýsinga á hverjum tíma.

Veiku hliðarnar:

- Upplýsingar og gögn sem nýtast öðrum kennurum eru stundum vandfundin vegna þess að þau eru geymd inni á einkadrifum eða slíkt og því erfitt að leita að þessum verkefnum og upplýsingum.
- Mentor – við getum kannski ekki stjórnað því en við viljum koma því á framfæri að það er ekki gott að nota þetta kerfi nema innan skólaársins, þar sem það flyst ekki yfir á næstu önn og erfitt fyrir kennara að fá upplýsingar frá fyrri tíð.
- Samanburður okkar við aðra er einna helst í gegnum samræmd próf í Stærðfræði, Íslensku og Ensku, auk Pisa prófanna.
- Hvernig getum við borið saman aðra námsþætti?
- Berum við t.d. saman lykilhæfni við aðra skóla?

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Hjálpast að við að deila efni og gera góðan skóla betri.
- Það er mikilvægt í skólastarfi að tryggja að farið sé eftir settum reglum og persónuverndarlögum á hverjum tíma, þegar kemur að gagnavörslu og upplýsingum. Skjólstæðingar okkar verða að geta treyst því 100%.

Tillögur um aðgerðir:

- Að efni og upplýsingar sem nýst gætu mörgum væri geymt inni á sameign þar sem auðvelt er að komast í þær.
- Mentor – benda á að þetta sé galli í kerfinu. Fá vörsluaðila.

Próunaráætlun 8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga**Markmið með umbótum:**

- Að auka upplýsingaflæði og tryggja gagnasöfnun

Hvernig vitum við að því er náð?

- Þegar allir eru upplýstir og geta auðveldlega nálgast efni og upplýsingar á milli ára.

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Að auka upplýsingaflæði og tryggja gagnasöfnun	Yfirmenn og starfsmenn	Aldrei	Skipulag og að allir visti sína vinnu sem gæti nýst öðrum inni á sameign.	Þegar allir eru upplýstir og geta auðveldlega nálgast efni og upplýsingar á milli ára.
Tryggja gagnavörslu (þar sem MENTOR er ekki vörsluaðili)	Finna eitthvað fyrirtæki sem hjálpar við uppsetningu, utanumhald og annað.	Aldrei	Fyrirtæki sem sér um örugga gagnavörslu.	Spyrja starfsfólk.

Árlegar kannanir og Skólapúlsinn.

Á hverju skólaári eru lagðar fyrir kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður úr slíkum könnunum gefa góðar vísbendingar um skólastarfið. Þegar niðurstöður eru jákvæðar um skólastarfið styrkir það skólasamfélagið til áframhaldandi góðra verka. Þegar niðurstöður draga fram veikleika í skólastarfinu er reynt að bregðast við með viðeigandi umbótum eins fljótt og auðið er. Það er því mikilvægt að ná til sem flestra þegar kemur að því að meta skólastarfið. Í Grunnskóla Hornafjarðar eru lagðar fyrir árlegar kannanir, fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla. Undanfarin ár hefur Grunnskóli Hornafjarðar notast við Gæðagreina 2 og Skólapúlsins. Ákveðið var á fundi sjálfsmatsteymisins í september að nota einungis Skólapúlsinn sem matstæki. Nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir voru lagðar fyrir með vefkerfi Skólapúlsins. Kannanir voru lagðar fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk eins og fyrri ár. Ný könnun var lögð fyrir nemendur í 1.-5. bekk sem mældi ánægju af lestri en á næsta ári munu svo bætast spurningar við könnunina sem lögð er fyrir þann aldurshóp. Einnig tóku 120 foreldrar og starfsfólk skólans kannanir. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og Skólavogarinnar sem mörg sveitarfélög nýta þ.á.m. Sveitarfélagið Hornafjörður. Vefkerfið heldur m.a. utan um ýmsar upplýsingar tengdar rekstri skólans og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáráðila og kennara í skólum við aðra

grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Á heimasíðu grunnskólans er hægt að lesa skýrslur með niðurstöðum kannana Skólapúlsins <http://gs.hornafjordur.is/stefna-og-aaetlun/sjalfsmat/innra-mat/>

Umfjöllun um niðurstöður allra kannanna má sjá hér fyrir neðan.

Árleg foreldrakönnun

Foreldrakönnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra í febrúar 2018. Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr skólum af öllu landinu. Tekið var líkindaúrtak úr foreldrahópi alls skólans en samtals voru það foreldrar/forsjáraðilar 120 barna sem fengu boð til að taka þátt í könnuninni. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Grunnskóla Hornafjarðar var 89,7%. Foreldrakönnuninni var skipt upp í fimm hluta *Nám og kennsla, Velferð nemenda, Aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur*. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

Niðurstaður úr foreldrakönnun

Eftirfarandi eru niðurstöður úr foreldrakönnun vetrarins.

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,1	104	5,0	3.177	0,1
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	96,2%	100 _{/104}	89,9%	2781 _{/3090}	6,3%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	83,7%	87 _{/104}	83,9%	2649 _{/3133}	-0,2%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	66,0%	68 _{/103}	72,0%	2238 _{/3110}	-6,0%

Foreldrar eru álíka ánægðir með nám og kennslu og aðrir foreldrar á landinu. Þeir eru heldur ánægðari með stjórnun skólans en aðrir foreldrar en fleirum finnst að aginn í skólanum mætti vera meiri.

2. Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,8	103	4,8	3.083	0,0
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	90,3%	93/103	87,1%	2711/3096	3,2%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	93,3%	97/104	91,7%	2915/3177	1,6%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	94,1%	96/102	91,4%	2904/3161	2,7%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	94,2%	98/104	89,9%	2858/3169	4,3%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	8,9%	9/101	9,4%	294/3128	-0,5%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	58,8%	10/17	53,4%	300/541	5,4%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	29,4%	5/17	52,4%	278/523	-23,0%*
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	75,8%	50/66	74,0%	1441/1906	1,8%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,4	17	1,4	541	0,0
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	17	-	-	-

Í þessum flokki eru foreldrar í Grunnskóla Hornafjarðar mun ánægðari en foreldrar í viðmiðunarskólunum og á það við um alla þætti og í sumum þáttum er marktækt meiri ánægja en annars staðar. Á það við um ánægju foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur, líðan nemenda í skólanum og líðan nemenda í kennslustundum. Foreldrar eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda, líðan þeirra í frímínútum og nú telja foreldrar hér umfang eineltis vera minna en aðrir foreldrar og eru sáttari við úrvinnslu mála en þeir eru óánægðir með hraða á úrvinnslu mála. Foreldrar eru ánægðir með eineltisáætlun skólans.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,6	104	5,2	3.136	0,4*
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	5,1	64	4,9	1.909	0,2
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	64,1%	66/103	58,9%	1966/3165	5,2%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	32	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	72,0%	67/93	73,3%	2102/2786	-1,3%
3.6. Notkun á mötuneyti	91,3%	94/103	88,9%	2834/3171	2,4%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	0%	0/9	6,7%	24/329	-6,7%

Í þessum flokki eru foreldrar líka ánægðari en aðrir og gildir það um alla þætti en hér eru foreldrar marktækt ánægðari en annars staðar með aðstöðuna í skólanum. Það er ánægja með tómstundaþjónustu sem er í boði utan hefðbundins kennslutíma og einnig nota fleiri nemendur frístundaheimilið en annars staðar. Um það bil 91% nemenda hér nýta sér mötuneytið og eru það fleiri en á öðrum stöðum á landinu en ánægja foreldra með það hefur aðeins minnkað á milli ára.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,9	102	5,0	3.093	-0,1
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	68,3%	69/101	58,6%	1814/2984	9,7%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	68,4%	67/98	61,5%	1755/2799	6,9%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	76	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	61	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	96,1%	98/102	93,7%	2931/3118	2,4%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	102	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	61,2%	60/98	55,0%	1619/2993	6,2%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	90,5%	86/95	85,2%	2446/2870	5,3%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	81,2%	82/101	78,9%	2443/3088	2,3%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	84,5%	87/103	71,6%	2268/3162	12,9%*

Í þessum flokki eru foreldrar mun sáttari en foreldrar í viðmiðunarskólunum. Þeir telja að það sé leitað eftir tillögum frá þeim, að þeir hafi áhrif á ákvarðanir er varða nemendur og eru heldur ánægðari með síðasta foreldraviðtal en foreldrar annars staðar. Fleiri foreldrar hér telja sig fá að taka þátt í gerð námsáætlana með nemendum og marktækur munur er á því að þeir séu vel upplýstir um stefnu skólans og námskrá og meiri ánægja er hjá þeim með heimasíðu skólans en hjá foreldrum annars staðar.

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,0	104	5,0	3.110	0,0
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,5	103	4,7	3.098	-0,2
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,5	102	4,5	3.050	0,0
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	77,9%	81 _{/104}	73,4%	2251 _{/3052}	4,5%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	51,5%	53 _{/103}	54,7%	1704 _{/3059}	-3,2%
5.6. Væntingar foreldra um háskólanám	64,6%	62 _{/96}	73,6%	2010 _{/2802}	-9,0%
5.7. Væntingar foreldra um ið nám	16,7%	16 _{/96}	12,2%	368 _{/2802}	4,5%

Foreldrar hér telja sig sig veita barninu álíka mikinn stuðning í námi og foreldrar annars staðar, hafa álíka mikla trú á getu sinni til þess að aðstoða og aðrir og börnin sækjast álíka mikið eftir stuðningi frá þeim. Fleiri foreldrar hér telja að heimavinna sé hæfileg mikil en þeir verja minni tíma en foreldrar annars staðar í að aðstoða börnin við heimanám. Fleiri foreldrar hér gera ráð fyrir að barnið ljúki iðnnámi og grunnnámi á háskólastigi en framhaldsnámi í háskóla.

6. Opin svör

Foreldrar eru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir sérstaklega gott við skólann og þar kom fram almenn ánægja með skólann, þar sé gott og metnaðarfullt starfsfólk. Fjölbreytt nám sé í boði og námsaðferðir. Ánægja með leið til árangurs, uppeldi til ábyrgðar og eineltisvinnuna sem unnin er í samvinnu við Vöndu Sigurgeirsdóttir.

Foreldrar eru einnig beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir að betur megi fara í skólanum og þar kom fram að mörgum fannst að betri agi mætti vera í skólanum. Ennfremur að það ætti að setja meiri kröfur á foreldra þegar kemur að agamálum. Foreldraviðtöl og aukin frímínútnagæsla voru einnig skráð.

Umbótaáætlun

Starfsmenn skólans fara yfir niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins á sameiginlegum fundi í mars. Þegar á heildina er litið koma niðurstöðurnar vel út. Við höldum áfram að vinna að eineltismálum og agamálum eins og áður í samvinnu við foreldra.

Árleg nemendakönnun

Í ár var í fyrsta sinn lögð fyrir nemendakönnun Skólapúlsins fyrir nemendur í 1. – 5. bekk og var hún lögð fyrir í apríl. Skólinn fær heildarniðurstöður í byrjun maí. Könnunin er með mynda- og talgervilsstuðningi fyrir nemendur. Í ár var einungis spurt um ánægju nemenda af lestri en fleiri þættir munu líklega bætast við næsta vetur.

Nemendakönnun Skólapúlsins fyrir nemendur í 6. – 10. bekk var lögð fyrir nemendur í september, janúar og maí og þurfa allir nemendur í þessum bekkjum að taka þátt einu sinni yfir skólaárið. Skólinn fær niðurstöður með samanburði við landið í heild eftir hverja könnun og heildarniðurstöður yfir árið í byrjun júní. Nemendur eru spurðir um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi auk almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Niðurstöður úr nemendakönnun í 1.-5. bekk

Í vetur kom nemendakönnunin mjög vel út og voru allir bekkir nema 1. b. yfir landsmeðaltali. Þó er 2. bekkur sá eini sem er marktækt yfir landsmeðaltali. Sjá mynd:

1. Ánægja af lestri

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 1.b	4,6	23	5,3	1.062	-0,7
1.2. Ánægja af lestri 2.b	6,5	20	5,4	1.121	1,1*
1.3. Ánægja af lestri 3.b	5,6	22	5,0	1.134	0,6
1.4. Ánægja af lestri 4.b	4,8	19	4,8	1.191	0,0
1.5. Ánægja af lestri 5.b	4,4	19	4,5	1.027	-0,1
1.6. Ánægja af lestri 1.-5.b	5,2	103	5,0	5.535	0,2

Niðurstöður úr nemendakönnun í 6.-10. bekk

Eftirfarandi eru heildarniðurstöður úr nemendakönnun fyrir 6. – 10. bekk.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,8	130	4,8	16.465	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	4,7	130	5,0	16.219	-0,3*
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,3	130	5,1	16.445	0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,5	130	4,9	16.440	-0,4*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,9	130	5,0	16.181	-0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,6	130	4,8	16.428	-0,2*

Í vetur hefur verið unnið með þætti eins og trú á eigin námsgetu og þrautseigju í námi. En þetta eru þættir sem ekki hafa verið að koma nægilega vel út. Nemendur mælast marktækt undir meðaltalinu í þrautseigju í námi, ánægju af náttúrufræði og trú á eigin námsgetu.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,9	130	4,9	16.176	0,0
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,7	130	4,9	16.156	-0,2
2.3. Vellíðan	4,7	129	4,9	16.405	-0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	39	-	-	-
2.5. Einelti	5,4	129	5,2	16.391	0,2
2.6. Tíðni eineltis	16,2%	21/130	12,3%	2008/16369	3,9%
2.7. Staðir eineltis	-	22	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	44,2%	57/129	40,6%	6455/15886	3,6%
2.9. Holt mataræði	4,5	129	4,8	16.143	-0,3*

Einnig höfum við mikið unnið gegn einelti en mælumst enn yfir þar. Nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar hafa lengi verið yfir meðaltali í tíðni hreyfingar og halda því áfram.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,5	130	5,0	16.133	-0,5*
3.2. Samband nemenda við kennara	5,3	130	5,0	16.370	0,3
3.3. Agi í tímum	4,5	130	5,0	16.361	-0,5*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,3	130	5,1	16.343	0,2
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,0	124	4,7	15.030	0,3

Samsömun við nemendahópinn mælist marktækt minni hér en annars staða líkt og agi í tímum. Nemendur telja sig eiga í ágætu sambandi við kennararnar, telja sig taka nokkuð virkan þátt í tímum. einnig telja þeir heimavinnu mikilvægari en nemendur á landsvísu.

4. Opin svör

Nemendur eiga að lýsa því sem þeim finnst gott við skólann og eru þeir almennt ánægðir. Þeir eru ánægðir með kennararnar og skólafélagana og á unglingastiginu eru þeir ánægðir með að fá að vera inni í frímínútum.

Einnig eiga þeir að lýsa því sem þeim finnst slæmt við skólann og þar kemur fram að þeim finnst maturinn ekki alltaf góður. Of fáir sófar á unglingastiginu og sumir nemendur gefa ekki alltaf vinnufrið í tímum.

Umbótaáætlun

Starfsmenn skólans fara yfir niðurstöður nemendakannana Skólupúlsins þegar þær liggja fyrir strax eftir fyrstu könnunina sem lögð er í september. Í vetur var farið í alla bekkir og rætt um trú á eigin námsgetu, þrautsegu og dugnað við nemendur en þar höfum við ekki verið að koma vel út. Næsta vetur þarf að halda þessari orðræðu ennfrekar inni þar sem ekki er hægt að sjá að umræðan hafi skilað sér í niðurstöðum Skólupúlsins. Þrátt fyrir mikla vinnu innan skólans gengur hægt að breyta niðurstöðum varðandi einelti, líðan og samsömun við nemendahópinn. Þessi vinna er stöðugt í gangi og verður henni áframhaldið næsta vetur.


Ungt fólk 2018

Í febrúar ár hvert svara nemendur í 8-10. bekk könnuninni Ungt fólk, umsjón með henni hefur Rannsókn og greining, sem vinna svo og greina staðbundnar niðurstöður fyrir sveitarfélög og skóla. Í ár svöruðu 59 nemendur könnuninni.

Hér verður stiklað á stóru úr niðurstöðum þessa árs. Skýrsluna í heild er hægt að skoða á heimasíðu skólans.


Áhyggjuefni er hve munn- og neftóbak virðist vera mikið notað af 8. og 10. bekkjum. Notkunin virðist sveiflast milli árganga, þar sem 9. bekkur virðist ekki nota það. Um 18% nemenda í 8. og 10. bekk hafa prófað rafsígarettur en mjög lítil notkun að staðaldri. Margir nemendur virðast eins hafa prófað áfengi, 10.b – 59%, 9.b – 35%, 8.b – 29%. Þegar spurt er um ölvun sl. 30 daga eru niðurstöðurnar eftirfarandi: 10.b – 18%, 9.b – 0% og 8.b – 6%.

Stelpur og strákar í 8. og 10. bekk virðast eyða minni tíma með foreldrum sínum á virkum dögum utan skólatíma en gengur og gerist. Ef skoðað er svo hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því hverjum þau eru með á kvöldin. Við sjáum að drengirnir segja að þeir upplifa að foreldrar fylgjast mikið minna með þeim en meðaltalið segir en foreldrar eru duglegri að fylgjast með stúlkum en meðaltalið er. Sjá mynd:



Mynd 41. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin, árin 2006, 2009, 2012, 2014, 2016 og 2018.

Sama mynstur sjáum við á næstu mynd:




Mynd 43. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra viti hvar þau séu á kvöldin, árin 2006, 2009, 2012, 2014, 2016 og 2018.

Útivistartími virðist einnig vera sveigjanlegri hjá drengjum hér en annars staðar og mynstrið sýnir að það er öfugt við stúlkurnar.

Almennt er minna um að nemendum hér finnist námið tilgangslaust en á landsvísu. Einnig virðist nemendum almennt líða betur hér en annars staðar.


Nemendur Grunnskóla Hornafjarðar virðast vinna töluvert meira en jafnaldrar þeirra á landsvísi. Sjá mynd:



Mynd 60. Hvað vinnur þú marga tíma í launaðri vinnu með skólanum á viku?
Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk, árið 2018.

Nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar virðast vera mjög virk í íþrótt- og tómstundastarfi miðað við landsmeðaltal.

Drengir í 8. bekk virðast vera töluvert mikið að spila tölvuleiki. Sjá mynd:



Mynd 79. Hlutfall stráka í 8., 9. og 10. bekk árið 2018 eftir því hversu miklum tíma þeir telja sig verja að jafnaði á hverjum degi í að spila tölvuleiki á netinu.

Árleg starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Skólalúpsins var lögð fyrir starfsmenn í mars 2018. Skólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun apríl. Allir starfsmenn skólans eru spurðir um: viðhorf til skólans, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuaðstöðu, álag og áreitni og einelti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir um að gefa upplýsingar um: stefnumótun, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

Niðurstöður starfsmannakönnunar

Eftirfarandi eru niðurstöður úr starfsmannakönnun vetrarins.

1. Allir starfsmenn - Almennt

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	95,6%	43/45	67,8%	1421/2044	27,8%*
1.2. Gagnsemi starfsmannaviðtals	97,5%	39/40	83,2%	1108/1301	14,3%*
1.3. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	4,3%	2/46	19,2%	389/2061	-14,9%*
1.4. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	4,3%	2/46	9,6%	194/2062	-5,3%

Í könnuninni kemur fram að marktækur munur er á starfsmannaviðtölum hér en annars staðar á landinu en hér höfðu allir nema tveir farið í starfsmannasamtal á síðustu 12 mánuðum. Starfsmenn telja starfsmannasamtölin gagnleg og verða lítið fyrir áreitni hvort sem er frá samstarfsmönnum eða foreldrum. Tíðni eineltis hvort sem er frá hendi foreldra eða samstarfsmanna mun minni en annars staðar á landinu.

2. Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	6,0	47	5,1	2.081	0,9*
2.2. Starfsandi innan skólans	5,4	46	5,0	2.060	0,4
2.3. Stjórnun skólans	5,2	47	4,9	2.048	0,3
2.4. Upplýsingastreymi innan skólans	5,5	47	4,7	2.075	0,8*
2.5. Starfsumhverfi í skólanum	5,6	46	4,7	2.053	0,9*

Mikil ánægja er meðal starfsmanna með starfsánægju, starfsanda, stjórnun, og upplýsingastreymi innan skólans. En í þessum þáttum erum við alls staðar yfir landsmeðaltali og í sumum marktækt meira.

3. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja með kennarastarfið	5,9	28	4,7	1.262	1,2*
3.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,2	28	4,8	1.284	0,4
3.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	4,4	25	5,0	1.214	-0,6*
3.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	36,5 mín	23	43,2 mín	1.090	-6,7 mín
3.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	85,7%	24 _{/28}	65,3%	850 _{/1316}	20,4%*
3.6. Öllum bekknum kennt í einu	48,0%	12 _{/25}	49,5%	604 _{/1221}	-1,5%
3.7. Hópavinna í bekk	40,0%	10 _{/25}	32,4%	388 _{/1196}	7,6%
3.8. Einstaklingsvinna í bekk	26,9%	7 _{/26}	37,1%	465 _{/1269}	-10,2%
3.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	50,0%	13 _{/26}	50,1%	630 _{/1273}	-0,1%
3.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	17,9%	5 _{/28}	17,4%	221 _{/1250}	0,5%
3.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	75,0%	21 _{/28}	77,0%	988 _{/1286}	-2,0%
3.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	1	-	-	-

Í þessum flokki eru kennarar marktækt ánægðari en aðrir, þeir hafa meiri trú á eigin getu og undirbúningur fer marktækt meira fram í skólanum hér en annars staðar á landinu. Námsmat fer fram að einhverju leiti með símati, leiðsagnarmati, sjálfsmati og jafningjamati nemenda. Hvað varðar upplýsingamiðlun til foreldra þá er annars vegar um að ræða að kennarar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um námsárangur nemenda, og hins vegar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um hegðun og/eða líðan. Að lokum er meðaltími í heimavinnu nemenda við Grunnskóla Hornafjarðar minni en annars staðar á landinu.

4. Kennarar – Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námsferðileika	5,5	26	4,8	1.169	0,7*
4.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,1	26	4,8	1.162	0,3
4.3. Faglegur stuðningur skólustjóra við kennara	5,2	27	5,0	1.236	0,2
4.4. Samráð um kennslu	5,0	26	5,0	1.188	0,0
4.5. Samvinna um kennslu	5,2	25	5,2	1.197	0,0
4.6. Valddreifing við ákvarðanatöku	4,4	27	4,7	1.129	-0,3
4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	5,0	25	4,7	1.201	0,3
4.8. Vinnuaðstæður kennara	6,5	26	5,1	1.242	1,4*

Í þessum flokki eru kennarar marktækt ánægðari en aðrir varðandi stuðning við þá vegna nemenda með námsörðugleika og varðandi vinnuaðstæður. Þeir eru ánægðir með stuðning sem þeir fá vegna hegðunarörðugleika nemenda. Þeir fá faglegan stuðning frá skólustjóra og það er virk samvinna um skólaþróun og umbætur. Hvað varðar samráð og samvinnu um kennslu þá eru þeir í landsmeðaltali.

5. Kennarar – Mat og endurgjöf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Umfang mats og endurgjafar	82,1%	23 _{/28}	67,4%	788 _{/1163}	14,7%
5.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	64,3%	18 _{/28}	54,8%	655 _{/1173}	9,5%
5.3. Sanngirni mats og endurgjafar	94,7%	18 _{/19}	91,6%	748 _{/807}	3,1%
5.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	100,0%	13	88,1%	704 _{/787}	11,9%
5.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	3,3	17	4,6	777	-1,3*

Kennarar eru ánægðir hér með mat og endurgjöf á störfum þeirra en telja að betur mætti nýta niðurstöður kennaramats.

6. Kennarar – símenntun kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
6.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	34,6%	9 _{/26}	50,1%	582 _{/1140}	-15,5%*
6.2. Símenntunarþörf kennara	4,9	27	5,4	1.207	-0,5
6.3. Símenntunarþörf kennara (annað)	-	1	-	-	-
6.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	53,8%	14 _{/26}	52,5%	611 _{/1180}	1,3%
6.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-
6.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	25	-	-	-

Marktækur munur er á fjölda daga sem kennarar nýta hér í símenntun og hlutfall þeirra sem hefðu viljað meiri símenntun er hærra. En hindranir eru t.d. að kostnaðarsamt er að fara á námskeið þegar þarf að sækja þau annað og oft eru þau á tímum sem hentar ekki kennurum utan af landi. Kennarar lesa bæði bækur og greinar í tímaritum og einnig leita þeir upplýsinga á vefmiðlum.


7. Opin svör

Kennarar gátu lýst því yfir hvað þeim finnst sérstaklega gott við skólann og þar kom fram að við skólann starfar frábært starfsfólk og það er gott vinnuumhverfi og allir tilbúnir til að hjálpast að ef þarf. Skólinn er góður vinnustaður.

Einnig gátu kennarar lýst því yfir hvað þeim finnst betur megi fara í skólanum og þar kom fram að bæta megi upplýsingaflæði, skipulag og fundarsetu kennara.

Lesferill – lesfimiþróf

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar hafa verið lögð fyrir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar frá upphafi, haustið 2016, og var skólinn einn af skólum landsins sem tók þátt í fyrirlögnum þegar unnið var að stöðlun lesfimiþrófanna. Niðurstöður í maí 2018 má sjá á eftirfarandi mynd:



Eins og sjá má á myndinni þá fylgja nemendur grunnskólans að mestu leyti landsmeðaltali. Í 1. – 6. bekk eru nemendur rétt undir landsmeðaltali en í 7., 9. og 10. bekk eru þau vel yfir landsmeðaltali en 8. bekkur alveg í landsmeðaltali. Þessar niðurstöður hvetja okkur áfram og höldum við því góða starfi sem unnið hefur verið í skólanum eftir áætlun „Leið til árangurs“. Grunnskólinn, leikskólinn og bæjaryfirvöld á Hornafirði tóku höndum saman um að efla námsárangur nemenda og haustið 2015 hófst vinnan formlega undir nafninu „Leið til árangurs“. Um leið og þessi vinna hófst var áhersla lögð á að fá foreldra/forráðamenn í lið með okkur í að bæta lesfimi nemenda með heimalestri á hverjum degi í öllum árgöngum grunnskólans. Bætt lesfimi hefur mikil áhrif á námsárangur nemenda og er það markmið skólans og foreldra að efla þá getu.